

Ágæta stjórn og kjarnahópur.

Eftir mikla yfirlegu hef ég tekið þá ákvörðun að segja af mér ritarastarfi stjórnar sem og stjórnarsetu í Hagsmunasamtökum heimilanna. Ástæðan fyrir ákvörðuninni er óbrúanlegur ágreiningur um aðferðarfræði í störfum stjórnar og um hvað sé heimilunum og hagkerfinu fyrir bestu. Í annan stað má telja grófa pólitíska slagsíðu á stjórnarstarfinu, þar sem meirihluti stjórnar hallar sér að Hreyfingunni og órólegudeild Vg auk þess sem “sértrúar” hugmyndafræði Attac samtakanna virðist hafa haslað sér völl innan stjórnar Hagsmunasamtaka heimilanna.

Ég hef alltaf litið svo á að kröfur samtakanna eigi að túlka þröngt til að einstaklingar með ólík pólitísk viðhorf geti starfað innan samtakanna. Í staðinn fyrir að fjölga baráttumálunum er sífellt verið að ganga lengra inn á hið pólitíska svið hvað varðar einstakar kröfur, þ.e. leiðréttingu lána og afnám verðtryggingar. Slíkt krefst sameiginlegs skilnings á grundvallar hugtökum efnahagslífisins, samfélagslegum gildum og hvaða afleiðingar kröfur samtakanna hafa á íslenskt efnahagslíf.

Ég hef litið svo á að tilgangur samtakanna sé að byggja upp efnahagslífið og gera heilt það sem sjúkt var fyrir, en ekki sundra því og eyðileggja. Skilningur meirihluta stjórnar er hins vegar sá að efnahagslífið megi, og jafnvel verði að hrynja til grunna til að samtökin nái fram kröfum sínum, eins og ráða má á málflutningi formanns í Kastljósviðtali nú á dögnum.

Ástæðan fyrir því að ég tók þátt í þessari baráttu var sú hugsjón að í kröfum samtakanna mættust bæði réttlætissjónarmið sem og efnahagsleg nauðsyn. Það er bjargföst sannfæring mín að leiðrétting á skuldum heimilanna geri lítið annað illt en að eyða eitruðum eignum úr efnahagsreikningum lánastofnanna. Slík leiðrétting myndi auka neyslu, verðmætasköpun, atvinnulíf og til lengri tíma myndi auka arðsemi fjármálastofnanna. Það hefur líka verið bjargföst sannfæring mín að afnám eða lagfæring á verðtryggingu skipti sköpum í efnahagsbatanum þegar prentvélar stóru hagkerfanna fara í gang og verðbólgan fer á flug. Samhliða slíkum þrengingum fyrir heimilin verða skuldbindingar að lækka í sömu hlutföllum og verðbólgan.

Hins vegar get ég ekki fallist á að kröfur samtakanna megi kosta hvað sem er. Málflutningur formanns í fjölmiðlum undanfarið endurspeglar meirihlutavilja stjórnar HH og endurspeglar ennfremur skilningsleysi á efnahagsmálum og aðferðarfræði sem ég get ekki sætt mig við. Svo virðist sem sameiginlegur skilningur sé hjá meirihluta stjórnar að íslenskt efnahagshrun sé óhjákvæmilegt og í raun nauðsyn og forsenda einhverskonar endurreisnar. Slíkt er fásinna og ekki samtökunum sæmandi!

Þrátt fyrir að forsendur séu að skapast fyrir samningsumleitunum við stjórnvöld og hagsmunaaðila virðist ekki vera áhugi hjá meirihluta stjórnar að byggja brýr og eiga samræður við deilandi aðila um hagsmuni heimila. Í stað þess að tala um samningsvilja hjá samtökunum væri nær að tala um stríðsvilja.

Slík viðhorf og starfshættir munu ekki skila neinum árangri fyrir heimilin í landinu, og er því borin von að einangrunarhyggja meirihluta stjórnar muni skila samtökunum að samningaborði.

Ég vil auk þessa halda því til haga að gróf pólitísk slagsíða er komin upp í stjórnarstarfi samtakanna, þar sem hugmynda- og aðferðarfræði Hreyfingarinnar og órólegudeild Vg ræður ríkjum. Hugmyndir stjórnarmanna sem kenna sig við íhaldssemi eru skotnar niður á staðnum og gætir að mínu mati skinhelgi og hrænsi í kröfum stjórnar um pólitískt hlutleysi. Engir stjórnarmenn hafa tekið samþykktir samtakanna

um pólitískt hlutleysi jafn hátíðlega eins og þeir sem eru til hægri innan stjórnar. Hins vegar er það þannig að þeir sem mestu kröfurnar gera um pólitískt hlutleysi, standast sjálfir ekki eigin viðmið. Í því sambandi má benda á að í stjórn situr fyrrum formaður Hagsmunasamtakanna og núverandi framkvæmdastjóri Hreyfingarinnar, Þórður Björn Sigurðsson. Gengur hann fremstur í flokki með skinhelgi og vandlætingu á hugmyndafræði og gjörðum hægri vængsins, á meðan hann sjálfur þiggur laun hjá stjórnmalaflokki á meðan hann situr í stjórn samtakanna. Það gerir hann á meðan hann er ekki bundinn trúnaði við HH í stjórnarstörfum sínum. Auk þessa má benda á að Lísu Björk Ingólfssdóttir er kjörinn stjórnarmaður hjá Hreyfingunni. Pólitísk slagsíða á störfum stjórnar Hagsmunasamtakanna er með þvílíkum ólíkindum að ekki verður við unað.

Auk þessa vil ég benda á þá skörun sem að því er virðist hefur átt sér stað í starfsemi Hagsmunasamtaka heimilanna og Attac samtakanna. Meirihluti stjórnar hallar sér að hugmyndafræði Attac samtakanna, en sú hugmyndafræði gengur út á draumkennda sýn á tilverunna sem minnir helst á vísindaskáldsögu. Slík "Star Trek" hagfræði gengur út á sjálfbærni sem hægt er að öðlast með afskriftum skulda, 0% hagvexti, 0% verðbólgu og 0% lánsvöxtum. Þessi hugmyndafræði gætu hæglega flokkast undir "jaðarhugmyndir" sem eru einhverskonar millibil almennra hugmynda og ranghugmynda um lífið og tilveruna. Slíkt er að jöfnu einkamál hvers og eins, en vandinn er hins vegar sá að þessar hugmyndir eru farnar að hafa veruleg áhrif á stjórnarstarfið og stefnumótun samtakanna, sem er alvarlegt mál.

Þótt fleira megi telja til eru þetta megin ástæður fyrir uppsögn minni.

Virðingarfyllt.

Gunnar Kristinn Þórðarson